

**6. fundur Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu
14. nóvember 2011 kl. 14:00 í utanríkisráðuneytinu**

FUNDARGERÐ

Fundinn sátu:

Fundarstjóri: Valgerður Sverrisdóttir, formaður.

Fulltrúar í Samstarfsráði:

Ásgerður Jóna Flosadóttir, Haukur Már Haraldsson, Þorbjörn Guðmundsson, Jónas Þ. Þórisson, Ragnar Gunnarsson, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, Ulla Magnússon, Nína Helgadóttir, Geir Gunnlaugsson, Guðrún Margrét Pálsdóttir, Hafdís Hanna Ægisdóttir, Þórey Anna Matthíasdóttir (í gegnum síma).

Starfsmenn utanríkisráðuneytis og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands:

Hermann Örn Ingólfsson, Engilbert Guðmundsson, Anna Katrín Vilhjálmsdóttir, Guðni Bragason, Gunnar Salvarsson, Þórarinna Söebeck, Svanhvit Aðalsteinsdóttir og Jónas Haraldsson (fundaritari).

Inngangsorð formanns

Formaður setti fundinn og bauð fulltrúa í samstarfsráðinu velkomna til sjötta fundar ráðsins og fór yfir starfsemi ráðsins fram að fundinum.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 5. fundar samstarfsráðsins var samþykkt án athugasemda.

2. Gagnsæi í störfum samstarfsráðs – tillaga

Valgerður Sverrisdóttir mælti fyrir tillögu um gagnsæi í störfum Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Tillagan var samþykkt án athugasemda. Jafnframt var ákveðið að birta eldri fundargerðir og bréf til ráðherra.

3. Framkvæmd þróunarsamvinnuáætlunar 2011 – 2014

a. Frumvarp til fjárlaga 2012.

Hermann Örn Ingólfsson kynnti aðgerðir sem utanríkisráðuneytið og Þróunarsamvinnustofnun Íslands hafa framkvæmt samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun 2011 – 2014. Einnig fjallaði hann um frumvarp til fjárlaga 2012.

b. Fagteymi

Þórarinna Söebeck kynnti fagteymi í jafnréttismálum.

c. Samstarfsáætlanir

Engilbert Guðmundsson kynnti vinnu utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar við samstarfsáætlun fyrir Malaví.

Svanhvít Aðalsteinsdóttir kynnti vinnu við samstarfsáætlun fyrir Palestínu.

4. Önnur mál

a. Umhverfisstefna í þróunarsamvinnu

Gunnar Salvarsson kynnti vinnu ÞSSÍ að umhverfisstefnu sem verður innlegg í stefnu utanríkisráðuneytis og ÞSSÍ samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun. Áætlað er að vinnu ljúki í apríl 2012.

b. Heimsókn rektors Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Hermann Örn Ingólfsson greindi frá nýlegri heimsókn rektors Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

c. Kynningarmál

Fjallað var um kynningarmál vegna starfa samstarfsráðsins.

Fundi slitið kl. 16:00.